Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 128/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rósu Dröfn Sigurðardóttur
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 28. janúar 1992, en einnig af hálfu ákæruvalds.

Af hálfu ákæruvalds er krafist „staðfestingar, að því er varðar sakfellingu og á þeim ákvæðum hins áfrýjaða dóms, að ákærða hafi rofið skilorð reynslulausnar frá 3. janúar 1991, en refsing ákærðu verði þyngd og samkvæmt 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, ákvörðuð í einu lagi til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 339 dögum...“

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða. Með brotum þeim, sem mál þetta fjallar um, rauf ákærða skilorð reynslulausnar, er henni var veitt 3. janúar 1991 á eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi Hæstaréttar 16. október 1990, 339 daga fangelsi. Með vísan til þess og þegar virtur er sakaferill ákærðu, ber að ákveða henni refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 9. janúar 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 9. janúar, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1869/91: Ákæruvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur, sem tekið var til dóms 19. desember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 1. ágúst sl., gegn ákærðu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur verkakonu, áður til heimilis að Skerjabraut 5 A, Seltjarnarnesi, nú Grenimel 9, Reykjavík, fæddri 24. ágúst 1967 á Blönduósi, fæðingarnúmer 540, „fyrir að aka að morgni laugardagsins 8. júní 1991, undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, bifreiðinni IR-243 frá heimili sínu að Öskjuhlíð í Reykjavík og þaðan áleiðis að heimili sínu að nýju, uns lögregla stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Skólavörðustíg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Málavextir.

Að morgni laugardagsins 8. júní sl. voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni IR-243 athygli, þar sem henni var ekið vestur Laugaveg. Lögreglumenn stöðvuðu akstur bifreiðarinnar á Laugavegi við Skólavörðustíg. Í frumskýrslu kemur fram, að ökumaður, ákærða í máli þessu, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, hafi verið áberandi ölvuð. Ákærða hafi greint frá því, að hún hafi neytt áfengis fyrir akstur, en kvaðst aldrei hafa tekið ökupróf.

Ákærða var færð til töku blóðsýnis kl. 6.55, og mældist alkóhólmagn í blóði hennar 1,84‰.

Ákærða gefur skýrslu fyrir dómi. Hún viðurkennir að hafa ekið bifreiðinni IR-243 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda frá þáverandi heimili sínu, Skerjabraut 5 A, Seltjarnarnesi, að Öskjuhlíð í Reykjavík að morgni laugardagsins 8. júní sl. og þaðan áleiðis að heimili sínu að nýju, uns lögregla stöðvaði akstur hennar á Laugavegi við Skólavörðustíg.

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu og niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir vera sannað, að hún hafi gerst sek um háttsemi þá, sem hún er ákærð fyrir og réttilega þykir heimfærð til refsiákvæða í ákæru.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

[Ákærða hefur sætt þremur refsidómum og sjö sinnum undirgengist sektargreiðslu, þar af tvisvar fyrir ölvunarakstur (1987 og 1988).]

Refsing ákærðu.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærða var dæmd í sex ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur 26. janúar 1990 fyrir brot á 211., sbr. 20., 252., 244., 244., sbr. 22. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða áfrýjaði dóminum, og með dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. október 1990 var hún dæmd í tveggja ára fangelsi. Hinn 3. janúar 1991 var ákærðu veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 339 dögum. Með háttsemi sinni 8. júní sl., sem mál þetta snýst um, hefur ákærða rofið skilorð reynslulausnarinnar. Rétt þykir þó, eins og broti ákærðu er háttað, að láta reynslulausnina halda sér samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955 og 20/1981. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinnar greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðu, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 krónur.